

6. fundur stjórnar umdæmis Inner Wheel á Íslandi, haldinn 31. mars 2025 kl. 11:30 hjá Maríu Heiðdal, Þorragötu 7, Reykjavík.

Fundargerð:

Mættar voru úr stjórn umdæmisins: María V. Heiðdal, umdæmisstjóri, Ágústa Hauksdóttir, umdæmisgjaldkeri, Vigdís Jónsdóttir umdæmisritari, Sigríður J. Guðmundsdóttir fráfarandi umdæmisstjóri og viðtakandi umdæmisstjóri (2025-2026) Sigurbjörg Magnúsdóttir, IW Kópavogi.

Eftirfarandi var ákveðið:

1. Sirrý talar við Nínu og reynir að fá gefins 50 Aukakrónupoka hjá LÍ.
2. María fékk gjafir frá Blue Lagoon fyrir 36. umdæmisþingið.
3. Skiptst var á fánum við indverskan gest 8. mars.
4. Á umdæmisþinginu verður Þór Magnússon leiðsögumaður um Viðey.
5. Reyna að fá fleiri gjafir fyrir umdæmisþingið.
6. Kannski þarf að setja á dagskrá lagabreytingu, alla vega þarf að koma fram að sá sem fer á þing erlendis getur haft með sér fylginaut.
7. Stjórnin tekur ferjuna kl. 10:15, þingfulltrúar taka ferjuna kl. 11:15 og prestur og leiðsögumaður taka ferjuna kl. 12:15.
8. Þingið hefst kl. 11:30 eða þegar skráningu þingfulltrúa er lokið.
 - a. Þingsetning – María Heiðdal
 - b. Kjör fundarstjóra og ritara
 - c. Kynning þingfulltrúa (hver stendur upp og kynnir sig)
 - d. Tveir kjörmenn frá hverjum klúbbi
 - e. Fundargerð 35. Umdæmisþings lesin (VJ)
 - f. Skýrsla umdæmisins (MH)
 - g. Ársreikningar 2024-2025 – bráðabirgðauppgjör (VJ) – 7 eintökum dreift.
 - h. Tillögur; árgjald óbreytt, lagabr.?
 - i. Kjör umdæmisstjórnar 2025-2026
 - j. Tveir endurskoðendur
 - k. Stjórnarskipti – afhending rósa
 - l. Önnur mál
 - m. Þingslit.

9. Þá er hádegismatur (ca. kl. 12:30-13:30) og síðan er helgistund í Viðeyjarkirkju. Séra Sveinn Valgeirsson minnst láttinna félaga okkar. Þá tekur við Þór Magnússon og leiðsegir þeim sem vilja um eyjuna.

10. Fyrsta ferð úr eyjunni er 14:30 og næsta er 15:30. Gert er ráð fyrir að það verði seinni ferðin og ekki verði fleiri ferðir úr eyjunni. Hvað með ferð 16:30 er það síðasta ferðin? Fleira var ekki gert, María bauð upp á dásamlegan hádegismat.

Fundi slitið kl. 14.